

Mat á foreldrasamstarfi 2022-2023

Samstarf heimilis og skóla er afar mikilvægur áhrifabáttur í hversu vel tekst til í menntun ungra barna. Í Núpi leggjum við mikla áherslu á að hafa þessi samskipti sem best.

Framkvæmd



Matið var framkvæmt á vorönn 2023. Skólapúlsinn sendi út spurningakönnun til allra foreldra þar sem þeir mátu ýmsa þætti skólastarfsins. Þar á meðal samvinnu og samskipti við starfsfólk leikskólans. Niðurstöður voru birtar á heimasíðu skólapúlsins.

Allt starfsfólk leikskólans svaraði svo spurningalista sem sneru að samvinnu við foreldra. Starfsfólk skilaði svörum nafnlaust.



Foreldrakönnun Skólapúlsins

Skólapúlsinn sendi út foreldrakönnun sína í febrúar. 82,2% foreldra í Núpi svöruðu könnuninni og telst niðurstaðan því marktæk.



Mikil ánægja er með upplýsingamiðlun leikskólans af daglegu starfi. Núpur kemur mun betur út en landsmeðaltal og mjög mikil aukning hefur verið í ánægju með þennan þátt frá fyrri könnunum. Eins og sjá má á þessum myndum





Foreldrar voru spurðir hversu vel þeir væru upplýstir um stefnu og námsskrá leikskólans. Það gefur okkur vísbendingu um hversu vel okkur gengur að miðla því sem fram fer í skólastarfinu.





Þegar spurt var um tengsl við starfsfólk mældist Núpur nokkuð undir landsmeðaltali



Foreldrar tóku afstöðu til þess hversu vel þeir væru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu og voru foreldrar í Núpi talsvert jákvæðari en landsmeðaltal í þessum þætti



Meirihluti foreldra töldu tímasetningar viðburða í leikskólanum vera heppilega tímasettir.



Í opnum svörum kom fram mikil ánægja með starfsfólki leikskólans og samskiptin við þau.

Fólk nefndi gjarnan faglega starfið, upplýsingagjöfina og dagleg samskipti við deildarstjóra sinnar deildar og starfsfólkið allt. Opnu svörin gáfu líka til kynna að foreldrar vildu gjarnan vera kynntir betur fyrir nýju starfsfólki þegar það hefur störf. Einnig telja nokkrir að dagleg samskipti megi bæta.

Spurningalistar starfsfólks

Starfsfólk var beðið að meta eigin samskipti við foreldrana á deildinni sinni. Þau fengu spurningalista með 11 spurningum og áttu að gefa sér einkunn frá A-D út frá því hversu vel þau töldu sig standa í ýmsum þáttum samstarfsins.

Svörunum var safnað saman, þeim gefin einkunn og meðaltal reiknað. Ákveðið var að allir þættir sem fengju einkunnina 7,5 eða hærra teldust áscættanlegir.

Niðurstöður könnunarinnar má sjá í þessari töflu:

Matsþáttur	A	B	C	D	veit ekki / á ekki við	Samtals	Meðaltal
Ég þekki og get spjallað við alla foreldra á deildinni minni	15	3	5	0	3	23	8,6
Ég legg mig fram um að bjóða foreldrum góðan daginn	24	2	0	0	0	26	9,8
Ég legg mig fram um að spjalla við foreldra um daginn hjá barninu þeirra þegar þau sækja	9	10	4	1	3	24	7,8
Ég ræði við foreldra um barnið þeirra, þroska, hegðun, líðan og heimilisaðstæður	7	9	4	1	3	21	7,6
Ég á auðvelt með að hringja í foreldra ef þeir þurfa að sækja barnið sitt eða koma með eitthvað sem því vantar	19	2	4	0	1	25	9,0
Ég get rætt erfið mál við foreldra	13	4	1	1	7	19	8,8
Ég nota fjölbreyttar leiðir til að miðla upplýsingum til foreldra (samtal, tölvupóstur, símtal, fundur og svo framvegis)	8	4	4	0	15	16	8,1
Foreldrar deila því með mér ef eitthvað skemmtilegt er að gerast í lífi barnsins	10	7	3	5	1	25	7,2
Foreldrar leita til mín ef þau eru með áhyggjur	11	8	3	1	3	23	8,2
Foreldrar fá fyrirfram ákveðin viðtöl á minni deild (móttökuviðtöl og foreldraviðtöl)	18	0	1	0	6	19	9,7
Foreldrar geta óskað eftir viðtali ef þau þurfa að ræða eitthvað sérstakt.	17	1	1	0	7	19	9,6

A= Frábært, á nánast alltaf við- Einkunn 10.
 B= Gott, á oftast við - einkunn 7,5
 C= Ágætt, á oft við en í sumum tilfellum gæti þetta verið betra- einkunn 5
 D= Óviðunandi, þetta þarf að bæta- einkunn 2,5

Samantekt

Af þessum niðurstöðum má sjá nokkurn samhljóm. Heilt yfir eru foreldrar ánægðir með samskipti sín við starfsfólk og það er gagnkvæmt. Þó eru foreldrar ekki alveg jafn jákvæðir þegar kemur að tengslum við starfsfólk sérstaklega þegar spurt var um dagleg samskipti.

Umbætur

Þessar niðurstöður eru nokkuð góðar og ekki tilefni til mikilla umbóta í ljósi þeirra. Það má þó alltaf gera betur og stjórnendateymi Núps mun halda áfram að leggja sig fram um að hvetja starfsfólk til góðra samskipta við foreldra.

Máí 2023

Áslaug Pálsdóttir Ragnheiðardóttir tók saman